



Ísafjarðarbær  
Guðmundur Gunnarsson, bæjarstjóri  
Hafnarstræti 1  
400 Ísafirði

ATVINNUVEGA- OG  
NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ

Skúlagötu 4 101 Reykjavík

sími: 545 9700 postur@anr.is  
anr.is

12 apríl 2019

Málsnr.

Reykjavík 8. apríl 2019, jalasafns

Tilv.: ANR18100041/11.02.07

Efni: Tillaga að sérreglum byggðakvóta fiskveiðiárið 2018/2019.

Ráðuneytið hefur mótttekið bréf yðar, dags. 28. mars 2019, þar sem óskað er eftir að breytt verði dagsetningu í b-lið 1. gr. reglugerðar 685/2018, vegna auglýsingar sérreglna í Hnífsdal í Ísafjarðarbæ. Ennfremur er óskað eftir breytingum á auglýsingu um sérreglur á Ísafirði og Flateyri, þar sem borist hafi beiðni forsvarsmanna Ísborgar ÍS-250 (78) og Eiðs ÍS-126 (1611).

Ráðuneytið hefur kynnt sér ástæður fyrir framangreindum beiðnum og getur fallist á að breyta sérreglum vegna Hnífsdals, þar sem að ómögulegt var að úthluta byggðakvóta byggðarlagsins Hnífsdals og eini aðilinn sem sótti um þann byggðakvóta uppfyllti ekki skilyrði til úthlutunar. Ástæða þess var að skip hans var skráð með heimahöfn á Ísafirði í stað Hnífsdals og myndi að óbreyttu þýða að niður féllu 56 þorskígildistonn, um næstu fiskveiðiáramót, af byggðakvóta Hnífsdals vegna fiskveiðisins 2017/2018, þar sem einungis er heimilt að flytja byggðakvótann yfir ein fiskveiðiáramót. Þá hefur Hraðfrystihúsið Gunnvör hf. gert ráðuneytinu og bæjarstjórn Ísafjarðar grein fyrir ástæðum þess að skip félagsins Páll Pálsson ÍS-102 (2904) hafi fyrir mistök verið skráður með heimahöfn á Ísafirði í stað Hnífsdals.

Ráðuneytið hefur jafnframt kynnt sér ástæður fyrir synjun Fiskistofu á umsóknum um byggðakvóta til fiskiskipanna Ísborgar (78) og Eiðs (1611). Í svari Fiskistofu eru ástæður synjunar til Eiðs (1611) sagðar vera þær að skipið hafi verið skráð á Tálknafirði 1. júlí 2018 og uppfyllti því ekki skilyrði samkvæmt b-lið 1. gr. reglugerðar ráðuneytisins nr. 685/2018. Á Flateyri var byggðakvótanum skipt milli þeirra umsækjenda sem uppfylltu skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar án vandkvæða.

Ástæða synjunar Fiskistofu á umsókn um byggðakvóta til Ísborgar (78) var sú að skipið uppfyllti ekki breytt skilyrði í a-lið 1. gr. reglugerðar 685/2018, sem auglýst var í Stjórnartíðindum með auglýsingu (II) nr. 87 frá 29. janúar 2019 og hljóðar svo: "*Hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni, sbr. 4. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, eða frístundaveiðileyfi skv. 2. tl. 4. mgr. 6. gr. sömu laga, við lok umsóknarfrests.*" Skipið Ísborg ÍS-250 (78) var ekki með gilt veiðileyfi við lok umsóknarfrests, sem var til og með 18. febrúar 2019, samkvæmt upplýsingum frá Fiskistofu. Fiskistofa hefur úthlutað byggðakvóta á Ísafirði til þeirra skipa sem uppfylltu skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar án vandkvæða.

Úthlutun byggðakvóta á Flateyri og Ísafirði var framkvæmd án vandkvæða og var því ekki um sambærilegan vanda að ræða og í Hnífsdal.

Með vísan til alls framangreinds er það niðurstaða ráðuneytisins að breyting á auglýstum reglum fyrir Hnífsdal er samþykkt, en breytingum á áður auglýstum reglum vegna byggðakvóta á Flateyri og Ísafirði er hafnað.

Fyrir hönd sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra



Jóhann Guðmundsson



Erna Jónsdóttir

Ljósrit: Sólberg ehf.  
Suðurgötu 9  
400 Ísafjörður

Walvis ehf.  
Grundarstíg 2  
425 Flateyri